



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 7. janúar 2021

SFS2018120032

198. fundur

HG/sb

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Stefna um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík og skýrsla stýrihóps

Á 150. fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember 2018 var samþykkt tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um stefnumótun um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík og stofnun stýrihóps til að vinna að stefnumótuninni.

Stýrihópur um framtíð tónlistarnáms í Reykjavík hóf störf 17. maí 2019. Í stýrihópnum sátu Alexandra Briem, formaður, Elín Oddný Sigurðardóttir og Eyþór Laxdal Arnalds. Deildarstjóri listfræðslu á skóla- og frístundasviði, Sigfríður Björnsdóttir, starfaði með hópnum og fundarritari hópsins var Grímur Atlason og síðar Anna Garðarsdóttir.

Stýrihópnum var falið það verkefni að móta stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík. Honum var ætlað að skilgreina grunnmarkmið og viðmið vegna jöfnunar tækifæra. Hópurinn skyldi setja fram hugmyndir til að efla samstarf ólíkra stofnanagerða sem sinna menntun barna og unglinga. Einnig bar honum að leggja fram tillögur um skipulagsbreytingar sem miði að því að takmarka stjórnunarkostnað í kerfinu og skapa tækifæri til að lækka kostnaðarþátttöku foreldra vegna tónlistarnáms barna sinna.

Stýrihópurinn leggur fram með stefnunni skýrslu sem geymir ítarlega greinargerð hópsins um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík.

Sú vissa býr að baki að verði þessi stefna lögð til grundvallar og ráðist í aðgerðir með hliðsjón af henni þá muni það renna sterkum stoðum undir hið öfluga tónlistarnám í borginni og skapa enn frekari möguleika á jákvæðri þróun til lengri tíma.